

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1022  
komudagur 23.12.2010

Framhaldsskólinn í  
Austur-Skaftafellssýslu



Alþingi  
Menntamálanefnd  
150 Reykjavík


Hornafirði 22.12.2010

Umsögn um mál 86.

Til skólans barst tölvuskeyti sem er dagsett 17.12. 2010 þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um heimspeki sem skyldufag við grunn- og framhaldsskóla, mál 86.

Með nýjum lögum um framhaldsskóla er valdið til að ákveða innhald og uppbyggingu náms að mestu fært til skólanna sjálfra frá ráðuneytinu sem áður var ráðandi í þessu efni. Það er skref í öfuga átt að skylda skóla að taka upp kennslu í tilteknu fagi og treysta ekki fagmennsku þeirra sem þar starfa að uppbyggingu og skipulagi náms. Ekki er því mælt með að tillagan verði samþykkt. Það skal þó tekið fram að fyrirhugað er að gera heimspeki að skyldugrein í nýju skipulagi stúdentsnáms við skólann og nú eru kenndir þrír heimspekiáfangar við skólann.

F.h. Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu

  
Eyjólfur Guðmundsson skólameistari